

Líf og fjör á Glerárvision

Árleg söngkeppni Glerárskóla var haldin síðastliðinn föstudag í íþróttahúsi skólans. Nemendur lögðu mikið á sig við undirbúning og æfingar með umsjónakennurum sínum. Búningar voru valdir af kostgæfni, dansspor voru æfð og raddböndin þanin.

Æfingahljóðver skólans var fullbókað vikuna fyrir keppnina enda leggja sig allir fram á Glerárvision. Nemendur úr 7, 8, 9 og 10. bekk kepptu sín á milli og skemmtu áhorfendum, bæði með keppnislögum sem voru átta talsins og ekki síður fjölbreyttum skemmtatriðunum, tvísöng, einsöng, kórsöng og dansi. Þriggja manna dómnefnd átti það vandasama verkefni að gera upp á milli atriðanna en komst að lokum að þeirri niðurstöðu að sigurlaunin færu til 10. bekkjar RLB sem flutti kántrý smellinn Achy Breaky Heart með miklum tilþrifum og tilheyrandi línu-dansi. Í Glerárvision koma nemendur og starfsfólk í betri fótum í skólann og boðið er upp á sparimat í mötuneyti skólans. Auk söngs og skemmtunar er sérstök áhersla lögð á vináttu og bræðralag á þessum hátíðardegi Glerárskóla því vinabekkir, eldri og yngri, borða og leika sér saman. Söngkeppnin Glerárvision hefur verið haldin árlega frá árinu 2003 og er skemmtilegt uppbrót á hefðbundnu skólastarfi.



Alls tóku 8 atriði þátt í Glerárvision í ár, auk fjölda skemmtiatriða.



Nemendur lögðu mikið á sig við æfingar.



Sigurbekkurinn, 10 RLB, sem flutti kántrý smellinn Achy Breaky Heart með miklum tilþrifum



Hluti af Glerárvision gleðinni er að vinabekkir skólans, eldri og yngri, leika sér saman.